

13. september 2016

Fjármál hins opinbera 2015 – endurskoðun

General government finances 2015 – revision

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 18,5 milljarða króna árið 2015 eða sem nemur 0,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða 0,1% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu 931,0 milljörðum króna og jukust um 2,6% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,1%. Útgjöld hins opinbera voru 949,5 milljarðar króna og jukust um 4,5% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu var 42,9%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 190,6 milljarðar króna 2015 eða 8,6% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 155,3 milljarðar króna en hlutur einkaaðila 35,3 milljarðar eða 18,5%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 469 þúsundum króna. Frá árinu 2008 hafa þau dregist saman um 10,1% á mann á verðlagi 2015.

Til fræðslumála var ráðstafað 168,1 milljörðum króna 2015 eða 7,6% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 152,2 milljarðar króna og hlutur heimilanna 15,9 milljarðar króna eða 9,5%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 460 þúsund krónum og hafa þau minnkað um 11,5% að raunvirði frá árinu 2008.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var neikvæð um 1.064,8 milljarða króna árið 2015 eða 48,1% af vergri landsframleiðslu og er það 62,3 milljörðum verri staða en 2014. Peningalegar eignir voru 1.141,3 milljarðar og heildarskuldir 2.206,1 milljarður króna í árslok 2015.

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis-, velferðar- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum.


Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2015

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2015



Árið 2015 runnu 73,5% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,2% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 30,1% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 176,2 milljarðar króna til almannatrygginga og 29,5 milljarðar króna til sveitarfélaga. Hluttur almannatrygginga í útgjöldum hins opinbera eru 18,0% eða 171,1 milljarður króna, sveitarfélaga 30,1% eða 285,8 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,9% eða 492,6 milljarðar króna.


Afkoma hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera nam 0,8% af landsframleiðslu 2015

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 18,5 milljarða króna árið 2015 eða sem nemur 0,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða 0,1% af landsframleiðslu. Lakari afkoma 2015 skýrist af aukningu í gjöldum. Þar vegur þyngst að launakostnaður jókst um 31,5 milljarða króna milli ára eða 11,4%. Á sama tíma var aukning í heildartekjum aðeins 2,6%. Skatttekjur jukust um 31,5 milljarða eða 4,5%, en aðrar tekjur drógust saman um 13,9 milljarða eða 10,7%.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Tekjuafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 5,9 milljarða króna

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Afkoma ríkissjóðs var neikvæð um 5,9 milljarða króna árið 2015 eða 0,3% af landsframleiðslu. Afkoma ríkissjóðs er lakari en árið 2014, en þá var afkoman jákvæð um 16,3 milljarða króna og hafði ekki verið betri síðan árið 2007.

Tekjuhalli sveitarfélaga var 13,7 milljarðar króna

Tekjuhalli sveitarfélaga var 13,7 milljarðar króna eða 0,6% af landsframleiðslu og 5,0% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli sveitarfélaga 16,1 milljarður árið 2014, en fara þarf aftur til ársins 2007 til að fá jákvæða tekjuafkomu.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2009–2015

Table 1. General government finances 2009–2015

Milljarðar króna / Billion ISK	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Tekjur hins opinbera / General gov. Revenue	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0
Útgjöld hins opinbera / Gen. gov. expenditure	771,3	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	949,5
Tekjuafkoma hins opinbera / Gen. gov. NLB	-154,2	-158,2	-95,0	-66,5	-34,8	-1,2	-18,5
Hlutfall af VLF / Per cent of GDP							
Tekjur hins opinbera / Gen. gov. revenue	38,7	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,1
Útgjöld hins opinbera / Gen. gov. expenditure	48,4	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9
Tekjuafkoma hins opinbera / Gen. gov. NLB	-9,7	-9,8	-5,6	-3,7	-1,8	-0,1	-0,8
Tekjuafkoma ríkissjóðs / Central gov. NLB	-8,1	-9,1	-5,7	-3,3	-1,8	0,8	-0,3
Tekjuafkoma sveitarfélaga / Local gov. NLB	-1,0	-0,8	-0,3	-0,5	-0,4	-0,8	-0,6
Tekjuafkoma almennatrygg. / SSF NLB	-0,7	0,1	0,4	0,0	0,3	-0,1	0,1


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 42,1% af landsframleiðslu

Tekjur hins opinbera námu 931,0 milljörðum króna árið 2015 og jukust um 24,0 milljarða króna milli ára eða 2,6%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,1% samanborið við 45,2% árið 2014.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2009–2015

Table 2. General government total revenue 2009–2015

Milljarðar króna / Billion ISK	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Hið opinbera / General government	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0
Ríkissjóður / Central government	450,3	474,7	497,1	545,5	584,5	686,1	692,4
Sveitarfélög / Local governments	191,3	194,4	214,2	224,4	243,6	254,9	273,6
Almannatryggingar / Social security funds	133,8	143,0	160,6	157,8	166,8	168,6	178,9
Hlutfall af VLF / Per cent of GDP							
Hið opinbera / General government	38,7	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,1
Ríkissjóður / Central government	28,3	29,3	29,2	30,7	30,9	34,2	31,3
Sveitarfélög / Local governments	12,0	12,0	12,6	12,6	12,9	12,7	12,4
Almannatryggingar / Social security funds	8,4	8,8	9,4	8,9	8,8	8,4	8,1

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 812,0 milljarða króna.

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld, sem skiluðu 812,0 milljörðum króna árið 2015 eða 87,2% tekna þess. Tekjur hins opinbera af skatttekjum voru 33,1% af landsframleiðslu árið 2015 en voru 34,9% árið 2014. Tekjur af sérstaka fjársýsluskattinum lækkaðu milli ára og tekjur af auðlegðarskatti voru um 650 milljónir samanborið við 10,7 milljarða króna árið 2014. Aðrar tekjur hins opinbera, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 116,3 milljarðar króna árið 2015 og drógust saman um 10,7% frá fyrra ári. Þar munar mestu um lægri arðgreiðslur frá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Arðgreiðslur voru 15,1 milljarður króna árið 2015 samborið við 27,1 milljarð króna árið 2014. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádregnum virðisbreytingum, en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2009–2015

Table 3. General government main income types 2009–2015

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0
Skatttekjur <i>Taxes</i>	462,8	478,0	519,1	561,6	606,2	700,8	732,3
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	63,6	66,8	64,9	69,9	73,4	79,7
Fjárframlög <i>Grants</i>	2,2	2,4	2,9	3,7	2,9	2,5	2,7
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	106,3	97,2	93,4	110,6	116,7	130,2	116,3
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	38,7	39,6	40,1	41,7	42,1	45,2	42,1
Skatttekjur <i>Taxes</i>	29,0	29,5	30,5	31,6	32,1	34,9	33,1
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	2,9	3,9	3,9	3,6	3,7	3,7	3,6
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,7	6,0	5,5	6,2	6,2	6,5	5,3

Tafla 4. Tekjuskattar hins opinbera 2009–2015

Table 4. The general government tax on income and profits 2009–2015


Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	239,9	239,7	266,8	283,2	315,6	360,5	381,0
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	192,3	197,3	220,6	234,5	258,6	270,6	298,0
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	26,5	14,6	29,5	34,0	40,5	66,8	52,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	21,1	27,7	16,8	14,8	16,5	23,1	30,5
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	15,1	14,8	15,7	15,9	16,7	18,0	17,2
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,1	12,2	13,0	13,2	13,7	13,5	13,5
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,7	0,9	1,7	1,9	2,1	3,3	2,4
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	1,3	1,7	1,0	0,8	0,9	1,2	1,4

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera 381,0 milljarði króna árið 2015 eða 52,0% skatttekna og 17,2% af landsframleiðslu. Það er 5,7% aukning frá fyrra ári en tekjuskattur einstaklinga jókst um 10,1% á meðan tekjuskattur lögaðila dróst saman um 21,3%. Sérstaki fjársýsluskatturinn sem er hluti af tekjuskatti lögaðila fór úr 13 milljörðum króna árið 2014 í 5,8 milljarða árið 2015.

Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 257,8 milljörðum króna eða 11,6% af landsframleiðslu. Þar af var virðisaukaskatturinn 183,7 milljarða króna eða 8,3% af landsframleiðslu. Bankaskatturinn skilaði ríkissjóði 31,9 milljörðum króna árið 2015 samanborið við 36,5 milljarða króna árið 2014.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignaskattar hins opinbera námu 43,5 milljörðum króna árið 2015 eða 2,0% af landsframleiðslu. Þar vógu fasteignaskattar þyngst eða 34,7 milljarðar króna.

Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera
jukust um 4,5%

Útgjöld hins opinbera voru 949,5 milljarðar króna árið 2015 og jukust um 41,2 milljarða króna milli ára eða 4,5% og er hlutur þeirra af landsframleiðslu 42,9%. Launakostnaður jókst um 11,4% en vaxtakostnaður um 8,1%. Fjárfesting jókst um 3,7% og voru útgjöld vegna Vaðlaheiðarganga talin með en þau námu tæpum 2,1 milljarði króna.


Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 4,5% milli ára en útgjöld sveitarfélaganna um 6,0%. Þá jukust útgjöld almannatrygginga um 4,6%.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2009–2015

Table 5. The general government expenditure 2009–2015

Í milljörðum króna / In billion ISK	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Hið opinbera / General government	771,3	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	949,5
Ríkissjóður / Central government	578,7	621,5	593,7	603,9	618,0	669,8	698,3
Sveitarfélög / Local governments	206,6	207,8	219,3	233,0	250,9	271,0	287,3
Almannatryggingar / Social security funds	144,2	141,1	154,0	157,3	160,8	170,0	177,7
Hlutfall af VLF / Per cent of GDP							
Hið opinbera / General government	48,4	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9
Ríkissjóður / Central government	36,3	38,4	34,9	34,0	32,7	33,4	31,5
Sveitarfélög / Local governments	13,0	12,8	12,9	13,1	13,3	13,5	13,0
Almannatryggingar / Social security funds	9,1	8,7	9,0	8,8	8,5	8,5	8,0

Samneysluútgjöld eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vöru og þjónustu og að viðbættum afskriftum, námu 522,6 milljarða króna árið 2015, eða 23,6% af landsframleiðslu.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*

Vaxtagjöld hins opinbera námu 102,0 milljörðum króna.

Á árinu 2015 voru vaxtaútgjöld hins opinbera 4,6% af landsframleiðslu. Vaxtagjöld fóru hæst í 6,0% af landsframleiðslu, árið 2009.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 10,4% af landsframleiðslu árið 2015, samanborið við 12,0% árið 2014

Tafla 6. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2009–2015*Table 6. The general government expenditure by economic type 2009–2015*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	48,4	49,3	45,7	45,4	43,9	45,3	42,9
Laun <i>Wages and salaries</i>	13,6	13,5	13,5	13,6	13,5	13,7	13,9
Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods & services</i>	12,0	12,1	12,1	12,0	11,8	11,5	10,9
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	6,0	4,8	4,1	4,7	4,6	4,7	4,6
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	1,8	1,7	1,7	1,7	1,6	1,5	1,4
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	7,7	7,5	8,1	7,6	7,1	7,0	6,4
Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i>	3,0	6,1	3,1	2,8	2,2	3,6	2,6
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	4,0	3,4	2,7	2,7	2,9	3,1	2,9

Tafla 7. Meginmálaflokkar hins opinbera 2009–2015

Table 7. The general government main functions 2009–2015


Innbyrðis hlutdeild / Percentage breakdown	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heildarútgjöld / Total expenditure	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Æðsta stjórnsýsla / Gen. public services	19,7	17,5	17,6	19,3	18,8	18,0	18,0
Varnarmál / Defence	0,1	0,1	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0
Réttar- og öryggismál / Public order and safety	3,2	2,6	3,6	3,1	3,2	3,3	3,6
Efnahags- og atvinnumál / Economic affairs	12,4	13,7	12,5	10,6	10,9	13,9	11,6
Umhverfismál / Environmental protection	1,3	1,3	1,3	1,3	1,2	1,4	1,3
Húsn.- og skipulagsmál / Housing & community	1,0	4,8	0,7	2,4	1,3	0,8	1,1
Heilbrigðismál / Health affairs	16,3	15,2	16,0	16,2	16,8	16,6	17,4
Menning og íþróttamál / Recreation and culture	7,2	7,1	6,8	6,8	7,4	6,7	7,5
Fræðslumál / Education	16,8	16,2	17,0	16,8	17,1	16,8	17,4
Alm.trygg. og velferðarmál / Social protection	22,1	21,6	24,4	23,4	23,2	22,4	22,1

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru víðamestu málaflokkar hins opinbera

Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans námu 22,1% af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2015. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu um 17,4% útgjalda. Fjallað er um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir, en til þessara málaflokka runnu 56,8% útgjalda hins opinbera eða 24,4% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,0% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2015 námu 155,3 milljörðum króna¹ eða 7,0% af landsframleiðslu. Þau jukust um 12,5 milljarða milli ára eða um 8,8%.

Árið 2015 var 106,4 milljörðum króna ráðstafað til sjúkrahúspjónustu. Þessi liður vegur þýngst með 68,5% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðisþjónustu árið 2015. Þjónusta við ferlisjúklinga kemur þar á eftir með 20,9% af heilbrigðis-

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

útgjöldum hins opinbera, en þar vegur þyngst almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa.

Að raungildi á mann jukust útgjöld hins opinbera til sjúkrahúsastofnana um 1,2% árið 2015 og um 2,2% vegna þjónustu við ferlisjúklinga. Á föstu verðlagi drógust útgjöld á mann til lyfja- og hjálpartækjakaupa saman um 4,8%.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2009–2015

Table 8. The general government expenditure on health 2009–2015

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heilbrigðisútgjöld alls¹ <i>Expenditure on health¹</i>	7,5	7,1	7,0	7,0	7,0	7,1	7,0
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6	0,6
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,4	1,3	1,4	1,4	1,5	1,5
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>Hospital services</i>	5,0	4,7	4,7	4,7	4,8	4,9	4,8
4. Forvarnir og alm. heilbr.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1

¹ Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Heilbrigðismál námu 8,6% af landsframleiðslu árið 2015

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 8,6% af landsframleiðslu á árinu 2015. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 10,1%. Árið 2015 voru 18,5% útgjaldanna fjármögnuð af einkaaðilum (heimilum og samtökum), en það er svipað hlutfall og undanfarin ár. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa aukist um 32,1% frá árinu 1998, en útgjöld á mann hafa aukist um 9,4% á sama tíma.

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2015

Table 9. The expenditure on health 1998–2015

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall einkaaðila af heild <i>PS % of totals</i>	Heilbr.útgj. staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilbr.útgj. staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb.	Einkaaðila	Samtals			
	<i>General govern.</i>	<i>Private sector</i>	<i>Total</i>			
1998	7,04	1,70	8,73	19,4	100,0	100,0
1999	7,77	1,66	9,43	17,6	109,9	108,5
2000	7,53	1,73	9,25	18,7	110,7	107,8
2001	7,39	1,71	9,10	18,8	114,0	109,5
2002	8,04	1,77	9,81	18,1	120,3	114,6
2003	8,23	1,84	10,07	18,3	121,8	115,3
2004	7,79	1,79	9,59	18,7	123,3	115,4
2005	7,53	1,72	9,24	18,6	124,2	114,9
2006	7,35	1,62	8,96	18,0	127,2	114,5
2007	7,23	1,53	8,75	17,5	133,7	117,5
2008	7,23	1,52	8,75	17,4	137,9	118,2
2009	7,46	1,64	9,10	18,0	133,5	114,5
2010	7,11	1,74	8,84	19,6	125,2	107,8
2011	6,97	1,68	8,65	19,4	123,0	105,5
2012	6,99	1,69	8,67	19,5	122,4	104,5
2013	7,02	1,68	8,70	19,3	125,6	106,2
2014	7,12	1,66	8,78	18,9	129,4	108,2
2015	7,02	1,60	8,61	18,5	132,1	109,4

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar og undirvísitölu fyrir heilsu úr vísitölu neysluverðs. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption and subindex for health from the CPI.. Volume index 1998=100.*

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 152,2 milljörðum króna

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 6,9% af landsframleiðslu á árinu 2015. Af útgjöldunum rann 47,4% til grunnskólastigsins eða 72,1 milljarður króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera 30,9 milljarðar króna eða 1,4% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkuð lægri fjárhæð eða 26,4 milljarða króna sem er 14,7% hærri fjárhæð en árið áður. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 14,9 milljörðum króna 2015 og jukust þau um 6,9% milli ára.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2009–2015

Table 10. The general government expenditure on education 2009–2015

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Fræðsluútgjöld alls¹ <i>Expenditure on education¹</i>	7,5	7,3	7,1	7,0	6,9	7,0	6,9
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,7	0,7	0,7	0,6	0,7	0,7
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,5	3,4	3,4	3,3	3,2	3,4	3,3
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,3	1,2	1,2	1,2	1,2	1,1	1,2
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,5	1,6	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1

¹ Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2015

Table 11. The expenditure on education 1998–2015

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðsluútgj. staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	Fræðsluútgj. staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	6,40	0,66	7,06	9,3	100,0	100,0
1999	6,57	0,67	7,24	9,2	103,7	102,4
2000	6,62	0,67	7,29	9,1	106,9	104,1
2001	6,88	0,69	7,57	9,0	115,7	111,1
2002	7,51	0,76	8,27	9,2	123,8	117,9
2003	7,47	0,85	8,32	10,2	122,9	116,4
2004	7,36	0,80	8,16	9,8	128,6	120,4
2005	7,55	0,80	8,35	9,6	137,1	126,9
2006	7,51	0,77	8,29	9,3	142,5	128,2
2007	7,20	0,73	7,93	9,2	146,3	128,6
2008	7,33	0,67	8,01	8,4	152,8	131,0
2009	7,46	0,69	8,15	8,4	145,9	125,1
2010	7,32	0,70	8,02	8,7	139,1	119,8
2011	7,14	0,71	7,84	9,0	135,8	116,5
2012	6,97	0,73	7,69	9,4	131,4	112,2
2013	6,89	0,74	7,63	9,7	132,7	112,2
2014	7,01	0,74	7,75	9,6	137,5	115,0
2015	6,87	0,72	7,59	9,5	140,1	115,9

¹ Fræðsluútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Fræðsluútgjöld einkaaðila staðvirt með verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda. Magnvísitala, 1998=100. *Public expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Private expenditure deflated by a subindex from the private final consumption. Volume index, 1998=100.*

Til fræðslumála er ráðstafað um 6,9% af landsframleiðslu

Heildarútgjöld til fræðslumála voru 6,9% af landsframleiðslu árið 2015. Um 9,5% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum. Útgjöld til fræðslumála voru 460 þúsund krónur á mann árið 2015. Staðvirt á mann voru útgjöld til fræðslumála hæst árið 2008, en síðan dró úr þeim allt til ársins 2012 og hafa staðvirt útgjöld á mann til fræðslumála farið vaxandi aftur. Árið 2015 voru staðvirt fræðsluútgjöld á mann 8,3% lægri en þau voru árið 2008.

Almannatryggingar og velferðarmál

Til málaflokksins almannatryggingar og velferðarmál teljast ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

Til almannatrygginga og velferðarmála runnu 209,7 milljarðar króna

Á árinu 2015 runnu 209,7 milljarðar króna til málaflokksins, eða 9,5% af landsframleiðslu og er það heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Vegur þyngst að útgjöld vegna atvinnuleysis hafa dregist saman um 16,7% frá 2014 og útgjöld vegna húsnæðisaðstoðar hafa dregist saman um 9,5%.

Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar, öldrunar og fjölskyldna og barna eru umfangsmestu útgjaldaliðir almannatrygginga og velferðarmála. Námu útgjöld árið 2015 vegna örorku og fötlunar námu 2,8% af landsframleiðslu, öldrunar 2,5% af landsframleiðslu og runnu 2,1% af landsframleiðslu til fjölskyldna og barna.

Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2009–2015

Table 12. The general government expenditure on social protection 2009–2015

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	10,68	10,67	11,13	10,61	10,17	10,16	9,48
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,05	0,05	0,05	0,05	0,06	0,06	0,07
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,57	2,60	2,81	2,81	2,87	2,95	2,80
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,10	2,01	2,46	2,48	2,45	2,57	2,50
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,63	2,61	2,31	2,24	2,35	2,33	2,14
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	1,64	1,58	1,46	1,29	0,95	0,73	0,55
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,92	1,00	1,36	1,07	0,71	0,70	0,57
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,37	0,41	0,42	0,42	0,42	0,43	0,41
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,38	0,38	0,24	0,22	0,36	0,37	0,42

Útgjöldin námu 634 þúsund krónum á mann

Árið 2015 voru útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 634 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru 187 þúsund krónur á mann og vegna öldrunar 167 þúsund krónur. Er þetta lækkun í báðum flokkum, um 3% annars vegar og 1% hinsvegar, í samanburði við útgjöld ársins 2014. Útgjöld á mann vegna fjölskyldna og barna á verðlagi 2015 lækkuðu einnig. Voru þau 143 þúsund krónur á mann árið 2015 sem er 6% lækkun í samanburði við árið 2014.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir drógust saman um 11,4%

Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.141,3 milljörðum króna í árslok 2015 eða sem nemur 51,6% af landsframleiðslu. Lánveitingar námu 148,8 milljörðum króna í árslok 2015 og sjóðir og bankainnistöður námu 418,9 milljörðum króna í árslok.

Heildarskuldir hins opinbera drógust saman 3,7%

Heildarskuldir hins opinbera námu 2.206,1 milljarði króna í árslok 2015 eða 99,7% af landsframleiðslu. Erlendar lántökur námu 308,6 milljörðum króna í árslok eða 13,9% af landsframleiðslu. Innendar lántökur námu 308,3 milljörðum króna í árslok, eða 13,9% af landsframleiðslu.


Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2009–2015

Table 13. The general government financial assets and liabilities 2009–2015

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	75,1	72,8	75,2	70,1	63,2	64,2	51,6
Skuldir <i>Liabilities</i>	112,6	118,6	126,7	123,6	114,7	114,2	99,7
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	39,2	44,6	46,4	47,2	44,6	43,8	40,2
Lántökur <i>Loans</i>	43,5	43,6	48,7	45,3	40,2	38,6	27,9
Innendar lántökur <i>Domestic loans</i>	18,1	20,1	20,6	19,7	18,9	17,8	13,9
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	25,4	23,5	28,1	25,7	21,3	20,9	13,9
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,7	23,6	24,5	24,7	24,2	24,4	26,0
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	6,2	6,8	7,1	6,4	5,8	7,4	5,6
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-37,5	-45,8	-51,4	-53,6	-51,4	-50,0	-48,1

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Hið opinbera og opinber fyrirtæki

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til opinbera geirans, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins. Þeir stærstu eru Lansbankinn, Seðlabankinn, Landsvirkjun og Íbúðalánasjóður.

Tafla 14. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2009–2015

Table 14. Public sector accounts 2009–2015


Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Rekstrartekjur <i>Total revenue</i>	57,4	55,0	57,1	58,6	58,1	59,1	53,3
Rekstrargjöld <i>Total expenditure</i>	64,6	63,2	60,1	61,1	57,4	55,8	51,6
Rekstrarjöfn. <i>Net operation balance</i>	-7,2	-8,3	-3,0	-2,5	0,7	3,2	1,8
Fjárfesting <i>Acq. nonfin. assets</i>	4,2	2,9	1,2	1,4	1,8	2,1	1,7
Tekjuafkoma <i>Net lending/borrowing</i>	-11,4	-11,2	-4,2	-3,9	-1,2	1,1	0,0
Hrein peningaleg eign <i>Net fin. assets</i>	-74,6	-77,8	-82,1	-78,4	-72,3	-70,2	-66,4

Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var jákvæð um 0,01% af landsframleiðslu

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Rekstrartekjur námu 53,3% af landsframleiðslu 2015 og rekstrargjöld 51,6%. Tekjuafkoma¹ opinbera geirans var jákvæð um 0,2 milljarða árið 2015 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera samkvæmt þrengri skilgreiningu var neikvæð um 18,5 milljarða króna.

Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included.

¹ Tekjuafkoma sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir visbendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Töflur í ýtarlegri sundurliðun auk samsvarandi upplýsinga um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera:

→ www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/fjarmal-hins-opinbera/

English summary

In 2015, the financial balance of the general government was 18.5 billion ISK in deficit or 0.8% of GDP, compared with a deficit of 0.1% of GDP in 2014. The increased deficit in 2015 is explained by 4.5% increase in expenditure and only 2.6% increase in revenue. The general government total revenue amounted to 42.1% of GDP in 2015 while its total expenditure amounted to 42.9% of GDP.

In 2015, the total expenditure on health was 8.6% of GDP, of which 81.5% was financed by the general government and 18.5% by the private sector. The public health expenditure per capita was 469 thousand ISK in 2015 and has decreased by 10.1% in real terms since 2008. The total expenditure on education was 7.6% of GDP in 2015, of which 90.5% was financed by the general government. The public expenditure per capita was 469 thousand ISK in 2015 and has decreased by 10.1% from 2008 in 2015 prices.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 1,064.8 billion ISK in 2015 or 48.1% of GDP. The net financial assets have decreased by 62.3 billion ISK since 2014. The general government total financial assets amounted to 1,141.3 billion ISK at the end of 2015 and the total liabilities amounted to 2,206.1 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at:

→ www.statice.is/statistics/economy/public-finance/

Tafla 15. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2010–2015

Table 15. The general government statement of operations 2010–2015

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	Current prices, in million ISK					
	2010	2011	2012	2013	2014	2015
1 Heildartekjur Total revenue	641.141	682.304	740.768	795.732	906.988	930.983
11 Skatttekjur Tax revenue	477.979	519.116	561.567	606.243	700.831	732.295
12 Tryggingagjöld Social contributions	63.599	66.820	64.882	69.899	73.432	79.707
13 Fjárframlög Grants	2.403	2.944	3.733	2.881	2.534	2.689
14 Aðrar tekjur Other revenues	97.160	93.424	110.586	116.710	130.191	116.292
Heildargjöld (2+31) Total expenditure (2+31)	799.305	777.342	807.229	830.530	908.205	949.454
2 Rekstrarútgjöld Expenses	777.274	765.977	796.519	813.896	886.095	925.917
21 Laun Compensation of employees	219.395	229.037	242.024	256.169	275.652	307.150
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	195.315	206.099	213.887	222.234	230.421	241.607
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	33.601	35.076	36.976	38.274	39.617	40.471
24 Vaxtagjöld Interest	77.238	70.481	84.066	86.505	94.411	102.032
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	27.762	29.154	30.485	31.070	29.477	29.885
26 Fjárframlög Grants	4.890	4.514	3.838	4.342	5.159	5.144
27 Félagslegar tilfærslur til heimila Social benefits	120.956	138.352	134.950	133.645	139.441	141.699
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ¹ Other expense ¹	98.117	53.263	50.293	41.658	71.916	57.928
31 Fastafjárútgjöld Nonfinancial assets	22.031	11.366	10.710	16.634	22.110	23.537
311 Fjárfesting í efnislegum eignum Net acquisition of fixed assets	55.632	46.441	47.686	54.908	61.728	64.009
23 Afskriftir of fixed capital	-33.601	-35.076	-36.976	-38.274	-39.617	-40.471
Tekjuafgangur / halli (1-2-31) Net lending and net borrowing (1-2-31)	-158.164	-95.038	-66.461	-34.798	-1.217	-18.471
32 Peningalegar eignir, hreyfingar Financial assets, transactions	35.975	61.014	-77.898	-38.388	52.467	-176.727
33 Skuldir, hreyfingar Liabilities, transactions	194.140	156.052	-11.437	-3.590	53.685	-158.255

Tafla 16. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 2010–2015

Table 16. The central government statement of operations 2010–2015

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	Current prices, in million ISK					
	2010	2011	2012	2013	2014	2015
1 Heildartekjur Total revenue	474.717	497.094	545.548	584.545	686.128	692.377
11 Skatttekjur Tax revenue	339.998	363.277	396.770	426.670	510.990	524.319
12 Tryggingagjöld Social contributions	63.599	66.820	64.882	69.899	73.432	79.707
13 Fjárframlög Grants	8.340	9.526	11.062	10.637	10.378	10.763
14 Aðrar tekjur Other revenues	62.781	57.471	72.834	77.339	91.326	77.589
Heildargjöld (2+31) Total expenditure (2+31)	621.511	593.651	603.898	618.049	669.829	698.324
2 Rekstrarútgjöld Expenses	611.728	589.343	602.954	613.595	661.988	686.358
21 Laun Compensation of employees	112.747	113.089	120.473	127.772	135.141	150.543
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	98.105	102.378	105.738	104.454	104.613	110.360
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	24.565	25.591	26.977	27.924	28.904	29.527
24 Vaxtagjöld Interest	71.479	63.316	76.049	79.352	86.895	92.683
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	24.252	24.505	25.200	25.739	25.069	25.325
26 Fjárframlög Grants	169.848	187.438	183.007	195.376	199.884	210.914
27 Félagslegar tilfærslur til heimila Social benefits	22.421	28.079	23.506	20.370	18.799	17.950
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ¹ Other expense ¹	88.310	44.947	42.005	32.609	62.682	49.056
31 Fastafjárútgjöld Nonfinancial assets	9.783	4.308	943	4.454	7.842	11.966
311 Hrein fjárfesting í efnislegum eignum Net acquisition of fixed assets	34.348	29.899	27.920	32.378	36.746	41.493
23 Afskriftir of fixed capital	-24.565	-25.591	-26.977	-27.924	-28.904	-29.527
Tekjuafgangur / halli (1-2-31) Net lending and net borrowing (1-2-31)	-146.793	-96.557	-58.349	-33.503	16.298	-5.947
32 Peningalegar eignir, hreyfingar Financial assets, transactions	28.501	68.993	-77.152	-44.330	62.457	-182.558
33 Skuldir, hreyfingar Liabilities, transactions	175.294	165.550	-18.802	-10.826	46.159	-176.611

Tafla 17. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árin 2010–2015Table 17. *The local government statement of operations 2010–2015*

Verðlag hvers árs, í milljónum króna <i>Current prices, in million ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	194.442	214.243	224.367	243.636	254.908	273.612
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	137.981	155.839	164.797	179.573	189.840	207.976
